

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *22. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 9. júní 2011, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningur 2010, síðari umræða.
3. Fulltrúi á aðalfund Grand Hótelis Mývatn.
4. Fulltrúi á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra sf.
5. Erindisbréf Skipulags og umhverfisnefndar.
6. Viljayfirlýsing.
7. Bréf frá Truenorth.
8. Samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingaleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld.
9. Erindi frá Þórhalli Kristjánssyni og Þuríði Helgadóttur f.h. Voga ferðapjónustu um stofnun nýrrar lóðar.
10. Afgreiðsla byggingaleyfisumsóknna.
11. Leikskólabygging.
12. Fundargerð Skólanefndar dags. 7. júní.
13. Fundargerð vegna landbóta og landnýtingaráætlunar.

Til kynningar.

Fundargerð Almannaþingar Pingeyinga dags. 24. maí 2011.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Jóhanna Njálsdóttir.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 9, 10, 11, 12 og 13 yrði bætt á dagskránnu.
Samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur 2010, síðari umræða.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 283,1 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 296,2 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 272,3 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 270,7 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 13,28% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,625% sem er lögbundið hámark þess. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark þess.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 22,1 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 16,9 millj. kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 19,9 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 5,4 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 367,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 289,4 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 145,4 millj. kr. en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 32 stöðugildum.

Íbúafjöldi Skútustaðahrepps 1. desember 2010 var 389 og fjölgaði um fimmtán frá fyrra ári.

Kjörnir skoðunarmenn hafa komið eftirfarandi á framfæri við sveitarstjóra:

Það kemur í ljós eina ferðina enn að ekki er búið að ganga frá skuld nokkurra landeigenda í Vogum við veitustofnun hreppsins. Það er náttúrulega ekki forsvaranlegt að þetta mál hagni endalaust óleyst.

Við skoðunarmenn reikninga skorum því á sveitarstjórn að ganga frá þessu máli hið fyrsta.

Að öðru leiti gerum við ekki athugasemdir við reikninginn.

Miðað við niðurstöðu ársreikninginn er brýnt að gripið verði til frekari hagræðingaraðgerða.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn.

3. **Fulltrúi á aðalfund Grand Hótelis Mývatn.**
Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Grand Hótelis þann 10 júní verður Böðvar Pétursson. Auk hans mun Hilmar Gunnlaugsson lögmaður mæta fyrir hönd sveitarfélagsins.
4. **Fulltrúi á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra sf.**
Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra sf. þann 22. júní verður Dagbjört Bjarnadóttir.
5. **Erindisbréf Skipulags og umhverfisnefndar.**
Fyrir fundinum liggur erindisbréf fyrir Skipulags- og umhverfisnefnd. Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið.
6. **Viljayfirlýsing.**
Fyrir fundinum liggur endurnýjuð viljayfirlýsing ríkisstjórnar Íslands og sveitarfélaganna Norðurþings, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps og Tjörneshrepps um samstarf aðila á sviði orkunýtingar og uppbyggingar innviða til þess að takast á við umfangsmikla atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslum.
Sveitarstjórn samþykkti viljayfirlýsinguna símleiðis þann 25. maí s.l. og staðfestist hún formlega hér með.
7. **Bréf frá Truenorth.**
Með bréfi óskar Þór Kjartansson f.h. Truenorth eftir leyfi sveitarstjórnar til kvikmyndatöku við Dettifoss. Fyrirtækið vinnur nú að undirbúningi erlendra kvikmynda sem taka á upp hér á landi í sumar. Í þá tvo daga sem áætlað er að myndatakan standi yfir mun verða lokað fyrir aðgengi að fossinum eða það takmarkað að miklu leyti. Í bréfinu kemur fram að viðkomandi hafi haft samband við samtök ferðaþjónustunnar og Vatnajökulsþjóðgarð og báðir aðilar verið jákvæðir fyrir verkefninu.
Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti.
8. **Samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingaleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld.**
Fyrir fundinum liggur tillaga að samþykkt um gatnagerðargjald ofl. Samþykktin er samhljóða samþykkt Norðurþings um sama efni að öðru leyti en því sem lýtur að byggingakostnaði.
Sveitarstjórn vísar samþykktunum til annarrar umræðu.
9. **Erindi frá Þórhalli Kristjánssyni og Þuríði Helgadóttur f.h. Voga ferðaþjónustu um stofnun nýrrar lóðar.**
Fyrir liggur erindi þar sem óskað er eftir að lóð með landnúmer 176701 sem er 2000 m² að stærð verði skipt í tvennt og á henni stofnuð ný 400 m² lóð.
Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti.
10. **Afgreiðsla byggingaleyfisumsókna.**
Vegna tilkomu nýrra mannvirkjalaga nr. 160/2010 leggur oddviti fram eftirfarandi tillögu.
Sveitarstjórn Skútustaðahrepps felur byggingafulltrúa hér eftir að fullafgreiða byggingarleyfisumsóknir til samræmis við 2. mgr. 9. gr. laga um mannvirki nr.

160/2010, enda eigi byggingarleyfin stoð í deiliskipulagi og lögum um mannvirki. Byggingafulltrúi kynni afgreiðslur embættisins til sveitarstjórnar. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

11. Leikskólabygging.

Viðbygging við leikskólann Y1 hefur nú verið grenndarkynnt og engar athugasemdir borist. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að sækja um byggingarleyfi

12. Fundargerð Skólanefndar dags. 7. júní.

Á fundi skólanefndar var voru teknar fyrir umsóknir um stöðu skólastjóra tónlistarskólans. Þrjár umsóknir bárust en ein var dreginn til baka. Skólanefnd komst að þeirri niðurstöðu að báðir aðilar væru ágætlega hæfir og mælti ekki með öðrum umfram hinn.

Sveitarstjórn samþykkir að ráða Svavar Sigurðsson til starfans.

13. Fundargerð vegna landbóta- og landnýtingaráætlunar.

Skv. gildandi landbóta-og landnýtingaráætlun skal fara í gróðurskoðunarferð um Mellönd og mólendi á Austurfjöllum áður en heimild er gefin til sleppingar búfjár. Fulltrúar Landgræðslunnar, sveitarfélagsins og BSSÞ fóru í slíka ferð 3. júní s.l. Nefnarmenn urðu sammála um að sleppa megi um 25% af fénu í Mellöndin frá og með föstudeginum 10. júní. Uppúr 16. júní má fara með 45% af fénu og og restin síðan með hóflegum hætti.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Jóhanna Njálisdóttir.